

# Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

9. fundur, fimmtudaginn 14. ágúst 2008, klukkan 9-  
í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15.

*Mætt:* Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Freysteinn Sigurðsson, , Hjörleifur B. Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Stefánsdóttir, Stefán Arnórsson, , Þorsteinn Tómasson.

Guðni Jóhannesson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir boðuðu forföll.

*Starfsmenn verkefnisstjórnar:* Helga Barðadóttir, iðnaðarráðuneyti og Sigríður Auður Arnardóttir frá umhverfisráðuneyti.

## Ráðning starfsmanns verkefnisstjórnar

Hinn 13. júlí var auglýst eftir starfsmanni rammaáætlunar. Formaður greindi frá því að 11 hefðu sótt um starfið og voru fjórir kallaðir í viðtal. Formaður leggur til að Tómas Þór Tómasson verði ráðinn.

Verkefnisstjórn var einhuga um að veita formanni umboð til að ganga frá samningum við Tómas.

## Verkefni haustsins; samráðsfundur og faghópar sbr. meðfylgjandi framlögð gögn

Á fundi verkefnisstjórnar 5. júní sl. var samþykkt að byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin vegna aðferðarfræðinnar og tryggja þannig samfellu í vinnuna.

Fram voru lögð tvö skjöl frá formanni, annars vegar um faghóp III frá fyrri áfanga og síðan almennt um faghópa og hvort rétt væri að hafa samskonar hópa og í fyrri áfanga.

Nokkur umræða var um orðið „náttúrusvæði“ en það þykir ekki nægjanlega vel skilgreint og er nauðsynlegt að lögfræðileg skilgreining liggi fyrir á því eigi að nota það.

Einnig var rætt um það hvernig beri að skipa í faghópana. Verði leitað tilnefninga er ákveðin hættu á að tilnefndir verði einstaklingar sem ekki hafa yfir að ráða þeirri sérþekkingu sem leitað er eftir.

Nauðsynlegt er að skilgreina vinnuna vandlega áður en hafist verður handa í faghópum.

Verkefnisstjórn var einhuga um að ákjósanlegast væri að „handvelja“ í hópana. Formaður mun útfæra það nánar hvernig beri að standa að því vali. M.a þarf að tryggja að viðkomandi hafi nægan tíma til að sinna verkinu og starfsmenn stofnana þarf að velja í samráði við forstöðumenn. Einnig var samstaða um að í hverjum hópi yrðu 5-7 manns, það myndi tryggja sem best afköst og ábyrgð í

hópnum. Nauðsynlegt talið að verkefnisstjórn eigi fulltrúa í faghópunum en ekki skilyrði að þeir séu formenn.

Formaður mun útfæra tillögu um það hvernig skuli standa að vali í faghópana fyrir næsta fund.

### **Hugleiðingar um hópana- skipulag og skipan í þá.**

Nokkuð var rætt um nauðsyn þess að fjölga faghópum, svo sem að hafa tvo hópa um landslag og náttúruvernd og einnig tvo hópa sem fjölluðu um orkukosti jarðhita og vatnsafls, en þar eru ólíkir þættir sem taka þarf tillit til. Bent á að þrátt fyrir það þá sé þekkingin að mestu á sömu hendi. en gæti þó leitt til vandaðri vinnubragða að hafa tvo hópa. Einnig bent á að ef hópar yrði fleiri myndi þekkingin dreifast meira.

Við eigum að leggja sjálfbæra þróun til grundvallar og hafa ber í huga að nýtingargildi háhitasvæða snýr ekki einvörðungu að orkuöflun heldur ekki síður að ferðamennsku.

Fram kom hugmynd um að setja á fót hóp sem fjallaði um fræðin við að velja og meta þá valkosti sem um er að ræða. Í honum sætu heimspekingar, samfélagsfræðingar og auðlindahagfræðingar. Slíkur hópur gæti aðstoðað verkefnisstjórn á seinni stigum við val á milli allra þeirra þátta sem eru undir í vinnu verkefnisstjórnar. Hugmyndinni ver vel tekið og mun formaður taka þessa hugmynd til skoðunar. (*FS vék af fundi*).

Á fyrri stigum vinnunnar komust faghópar 1 og 4 hvað lengst í sinni vinnu, ekki hvað síst vegna þess að þar voru til gögn til að byggja á. Í vinnunni framundan þarf að setja aukna áherslu á þá hópa þar sem skortir þekkingu, þ.e. byggðamál, þjóðhagsmál. Bent á að samfélagsstoðina hafi vantað í fyrri vinnu.

Verkefnisstjórn var minnt á að í vinnunni framundan er nauðsynlegt að átta sig á því hvar veikleikarnir liggja, t.d. í gögnunum svo verkkaupi átti sig á því að ýmislegt geti verið eftir. Hvernig á að standa að ráðgjöfinni til stjórnvalda það er lokaskýrslunni?

Tillaga um að lokaskýrslan yrði gerð aðgengileg á ensku til að fá álit erlendra fræðimanna, jafnvel að kalla þá hingað til opins fundar um málið.

### **Önnur mál**

Umræður urðu um ákvörðun um að framkvæmdir vegna álvers á Bakka skuli metnar saman í mati á umhverfisáhrifum. Upplýsingar liggja allar fyrir í einu – síðan kemur fram álit Skipulagsstofnunar í lokin.

Frá árinu 2005 hefur verið heimild í lögum til að fara þessa leið. Í athugasemdum með lögnum er tekið sem dæmi um slíkt mat, þ.e. virkjun, línulögn og verksmiðja.

Mat á umhverfisáhrifum á að leiða fram allar upplýsingar. Markmiðið er að

draga fram umhverfisáhrif framkvæmda en ekki leggja mat á það hvort eigi að leyfa eða hafna framkvæmd.

Hér er ferlið dýrt, dýrara en víða erlendis því hér vantar oft grunnrannsóknir og upplýsingar.

*Annað:*

- Skráning fornminja á miðhálandinu gengur vel.
- Lagt til að vatnatilskipun EB og vinnan við hana yrði kynnt fyrir verkefnisstjórn.
- Áhersla lögð á að fundaáætlun fyrir veturinn verði lögð fram sem fyrst.
- Óskað eftir stöðumati þeirra sem verið hafa að vinna fyrir verkefnisstjórn, svo sem frá Náttúrfræðistofnun.
- Eydís tilkynnti að hún væri að hverfa til annarra starfa og í hennar stað kæmi Erna Hauksdóttir framkv.stjr. SAF.
- Ingibjörg Halldórsdóttir, starfsmaður umhverfisráðuneytis hefur látið af störfum. Í hennar stað kemur Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

**Næsti fundur: 29. ágúst kl. 9-11**

*Lagt fram á fundi:*

- Um faghópa. Til undirbúnings umræðu á fundinum.
- Um faghóp III í 1. áfanga.